



Borgarráð

Reykjavík, 9. janúar 2026
USK26010129

Lykkja Kjalarnesi, sala á hluta af landi

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja Vegagerðinni um 17.819 m² sem er hluti af landi Lykkju, landnúmer 223691, Kjalarnesi, Reykjavík á krónur 7.038.505.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg ásamt Vegagerðinni hefur staðið í breikkun Vesturlandsvegar á hringveginum. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda. Á stærstum hluta verður veginum breytt í 2+1 veg. Jafnframt verða gerð þrjú hringtorg, veltengingum fækkað og lagðir hliðarvegir, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Vegagerðin hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg selji hluta af landi Lykkju undir vegsvæði. Kaupverð í samningi er samtals 7.038.505 kr.- eða 395 kr. á hvern fermetra með fyrirvara um hækkun bóta fyrir hvern fermetra vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta.

Virðingarfyllst,
Ragnheiður Sigvaldadóttir
Skrifstofa eignastýringar
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:
Undirritaður kaupsamningur og afsal af hálfu Vegagerðarinnar

Samið hefur:
AM Praxis lögfræðistofa
Reynir Karlsson hrl.
og lögg. fasteignasali
Kirkjuteigi 21, 105 R.

Samningur og afsal

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, annars vegar, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigandi, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal í tengslum við breikkun Hringvegar (1) um Kjalarnes, um land Lykkju, landeignanúmer 223691, Reykjavík.

Nýtt landeignanúmer _____ Nýtt fasteignanúmer _____

1. gr.

Land undir vegsvæði.

Landeigandi eru þinglýstur eigandi Lykkju, landeignanúmer 223691, Kjalarnesi, Reykjavík. Hann lætur af hendi land undir Hringveg og hliðarveg í landi jarðarinnar í tenglum við framkvæmdir við Hringveg um Kjalarnes, sbr. fylgiskjal 1 *uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Spilda úr landi Lykkju 223691 – Grunnmynd st. 24885-25340.*

Breidd vegsvæðis Hringvegar er 60 metrar, þ.e. 30 metrar til hvorrar handar út frá miðlínu deiliskipulags svæðis og breidd vegsvæðis hliðarvega 30 metrar, þ.e. 15 metrar frá miðlínu þeirra til hvorrar handar.

Heildarflatarmál lands þ.e. þinglýst vegsvæðis verður alls 17.819 m² sbr. fylgiskjal 2 *Hringvegur um Kjalarnes – Spilda úr landi Lykkju 223691 - Grunnmynd – Hnitsettur uppdráttur.*

2. gr.

Bætur fyrir land

Svo sem að framan greinir er heildarflatarmál lands undir veg 17.819 m². Vegagerðin kaupir þá fermetra af landeiganda. Vegagerðin greiðir því bætur sem hér segir:

Land undir vegsvæði 17.819 m² @ 395 kr./m² 7.038.505 kr.

Samtals:

7.038.505 kr.

Bæturnar verða inntar af hendi innan 30 daga frá þinglýsingu samnings þessa. Telst Vegagerðin þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir vegsvæði frá þeim degi. Bætur greiðast inn á reikning Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 5704800149 nr. 0334-26-54780.

3. gr.

Frágangur raskaðs lands.

Vegagerðin mun annast frágang raskaðs lands.

4. gr.

Fyrirvari vegna hækkunar bóta

Komi til þess að aðrir landeigendur á Kjalarnesi en sá sem er aðili að samningi þessum, fái hærri bætur frá Vegagerðinni vegna lagningar Hringvegur um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka bætur samkvæmt samningi þessum í samræmi við það svo fyllsta jafnræðis sé gætt, enda sé um algerlega sambærilegar forsendur að ræða í málunum.

5. gr.

Réttarfar

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

Undirritun og þinglýsing

Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Vegagerðin ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök og halda aðilar einu hvor um sig en eitt eintak fer til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Staður/dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar
Með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Vegagerðarinnar

Ingibjörg Guðm.


Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði

Nafn og kennitala

Steinn Halvarsson dnt.
Nafn og kennitala *220356-5239*

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes – Spilda úr landi Lykkju 223691 – Grunnmynd st. 24885-25340.
2. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Spilda úr landi Lykkju 223691 - Grunnmynd – Hnitsettur uppdráttur.
3. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.



1.6.